FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

*Númer: 31/2019*
*Dreifibréf til vátryggingafélaga*

Reykjavík, 27. maí 2019
*Tilvísun: 2017010332*

**Efni: Drög að reglum um um tæknilega framkvæmdarstaðla varðandi ferlið vegna umsóknar til að nota eigið líkan samstæðu.**

Fjármálaeftirlitið hefur gefið út umræðuskjal nr. 3/2019 sem inniheldur drög að nýjum reglum um tæknilega framkvæmdarstaðla varðandi ferlið vegna umsóknar til að nota eigið líkan samstæðu. Um er að ræða innleiðingu framkvæmdarreglugerðar framkvæmdarstjórnarinnar (ESB) sem fylgir Solvency II löggjöfinni. Reglurnar verða settar með stoð í 8. mgr. 21. gr. laga nr. 60/2017 um vátryggingasamstæður, sbr. lög nr. 26/2019 um breytingu á lögum um vátryggingastarfsemi og lögum um vátryggingasamstæður.

Með dreifibréfi þessu gefur Fjármálaeftirlitið viðtakendum kost á að koma á framfæri athugasemdum við drögin. Skjölin eru birt á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, https://www.fme.is/log-og-tilmaeli/umraeduskjol/

Fjármálaeftirlitið óskar eftir því að athugasemdir umsagnaraðila við meðfylgjandi umræðuskjal berist eigi síðar en 10. júní nk. Óskað er eftir að umsagnir séu ritaðar á þar til gert umsagnareyðublað sem finna má á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, sbr. nánari skýringar í meðfylgjandi umsagnarskjali. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið fme@fme.is

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

*Anna Mjöll Karlsdóttir*

Guðrún Finnborg Þórðardóttir